



1497. stjórnarfundur

3.11.2010 kl. 12:00

Ingvar Sverrisson
Örn Andrésson
Gígja Gunnarsdóttir
Haraldur Baldursson
Þórdís Gísladóttir
Viggó Viggósson
Guðrún Ósk Jakobsdóttir
Frímarr Ari Ferdinandsson

-
1. Fundargerð 1496. fundar.
Samþykkt.
 2. Styrkir til afreksfólks.
Tillaga þróunarsviðs um styrki til afreksfólks lögð fram. Málinu frestað til næsta fundar.
 3. Erindi Íslenskra getrauna.
Borist hefur erindi frá ÍG með ósk um samstarf um átak í getraunasölu.
Samþykkt að taka þátt í samstarfi við ÍG um að efla getraunastarf hjá Fram í Grafarholti. Einnig samþykkt að óska eftir tillögum frá ÍG um frekara átak gagnvart félögunum í Reykjavík í heild.
 5. Stefnumótunarfundur ÍBR.
Lögð fram verkaskipting vegna stefnumótunar. Málinu frestað til næsta fundar.
 6. Samþykkt borgarráðs Reykjavíkur um stefnumótun í íþróttamálum til 2010.
Lagt fram.
 7. Formannafundur ÍSÍ – fundur héraðssambanda.
Samþykkt að hvetja til fundar og stinga upp á umræðuefnum.
 8. Almenningsíþróttaviðburðir á vegum ÍSÍ.
Lagt fram til kynningar.
 9. Erindi mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar.
Mannréttindastofa óskar upplýsinga um úthlutun æfingatíma. Vísað til framkvæmdastjóra.

Fundi slitið kl. 13:10.